

Íslenska kalkþörungafélagið ehf. leitar eftir tæknimanni einum eða fleirum til að vinna með félaginu að uppbyggingar- og viðhaldsmálum í nýrri verksmiðju sem fyrirhugað er að reisa í Súðavík. Til að byrja með viljum við fá viðkomandi til að vinna með okkur í verksmiðju okkar á Bíldudal þar til komið er að því að fara í nýja verksmiðju í Súðavík.

Við leitum að vélstjóra, vélfræðingi, vélvirkja eða sambærilegri menntun auk þess sem reynsla er mikilvæg. Um margþættan tækjabúnað er að ræða og því umfangsmikil viðhaldsverkefni sem um leið eru krefjandi viðureignar og skemmtileg.

Vinsamlega hafið samband við Halldór Halldórsson í halldor@iskalk.is eða í síma 896-2890